| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 6. október 2016 – 1. útg |
| **Námsgrein** | Rekstrarhagfræði |
| **Titill** | Rekstrarhagfræði I |
| **Skammstöfun** | REKS2BA05 |
| **Viðfangsefni** | Rekstrarhagfræði |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 2 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 5 |
| **Lýsing áfanga** | Lögð er áhersla á að nemendur kunni skil á uppbyggingu fyrirtækis sem efnahagsheild og hvernig það þrífst í samkeppni við önnur fyrirtæki. Nemendur öðlist skilning á eðli og uppbyggingu fyrirtækja og helstu þætti er varða innra skipulag þeirra og ytri aðstæður. Nemendur læri einnig að kynnast framleiðsluháttum og starfsgrundvelli fyrirtækja, staðarvali þeirra, stefnumótun, markmiðssetningu, kostnaðargreiningu og samkeppni. Nemendur kynnast grunnþáttum markaðsfræði og bókhalds. Fjallað er um framleiðslu og afköst, tæki og mannafla, tekjur, kostnað og afkomu. Lögð er áhersla á að nemendur þekki uppbyggingu skipurita og fjalli um helstu stjórnunarstíla. |
| **Forkröfur áfanga** | Engar |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• Grundvallarhugtökum hagfræðinnar, skorti, val og fórn<br>• Verðmyndun á markaði, framboði, eftirspurn og jafnvægi<br>• Efnahagsheildum og helstu straumum efnahagslífsins, framleiðsluþáttum og flokkun fyrirtækja eftir starfsemi<br>• Mismunandi rekstrarformum fyrirtækja, innra skipulagi þeirra og starfsgrundvelli<br>• Áhrifum hagsmunaaðila á markmiðssetningu fyrirtækja<br>• Verðmætasköpun og ráðstöfun þeirra<br>• Helstu kostnaðarhugtökum<br>• Mismunandi valmöguleikum við fjármögnun fyrirtækja |

| | |
|---|---|
| | • Ferli stefnumótunar og markmiðssetningar |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• Nota grundvallarhugtök hagfræðinnar í ræðu og riti<br>• Greina kostnað og tekjur fyrirtækja við útreikning framlegðar<br>• Skoða og reikna hagkvæmustu fjárfestingakosti fyrirtækja<br>• Beita vinnuaðferðum við stefnumótun og markmiðssetningu<br>• Nýta upplýsingatækni til að afla tölulegra upplýsinga og leysa verkefni. |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• Greina og leggja mat á tekjur, rekstrarkostnað og afkomu fyrirtækja<br>• Semja einfaldar rekstraráætlanir<br>• Meta hagkvæmustu fjárfestingakosti fyrirtækja út frá fyrirliggjandi upplýsingum<br>• Skilja rekstrarumhverfi fyrirtækja |
| **Námsmat** | |